



Borgarráð

Húsnæði fyrir dagforeldra

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að leigja dagforeldrum húsnæði gæsluvallar við Arnarbakka og Bergþórugötu 20.

Greinargerð.

Skóla- og frístundarsvið stefnir að því að auglýsa eftir dagforeldrum til starfa með það að markmiði að stuðla að nýliðun meðal dagforeldra. Til að ná þessu markmiði er óskað eftir því að eignasjóður auki framboð á leiguhúsnæði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir dagforeldra og þá sérstaklega þar sem tveir dagforeldrar vinna saman. Þegar eru dagforeldrar í gæsluvallarhúsum við Barðavog, Freyjugötu, Fróðengi, Hlaðhamra, Malarás, Njálsgötu, Rauðalæk, Vesturberg og í Víkurhverfi. Hefur þetta fyrirkomulag reynst dagforeldrum vel. Verði mikill áhugi á að leigja húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar mun verða skoðað með að auka húsnæðisframboð enn frekar með því að setja upp færanlegt húsnæði á auða gæsluvelli.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Drög að auglýsingu SFS

Viltu verða dagforeldri í Reykjavík?

Leitað er eftir dagforeldrum til starfa í Reykjavík.
Nánari upplýsingar fást hjá daggæsluráðgjöfum í
þjónustumiðstöðvum borgarinnar í síma 411 1111.

Réttindanámskeið fyrir verðandi dagforeldra verður haldið
hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar 10. mars – 11. apríl n.k.
Nánari upplýsingar í síma 664-5510/ 585-5860.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir kostnað vegna námskeiðsins.

Til að stuðla að nýliðun meðal dagforeldra ætlar Reykjavíkurborg að auka framboð á leiguhúsnæði
fyrir starfsemi þar sem tveir dagforeldrar vinna saman.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið